



FLE fréttir

26. febrúar 2025

Fréttabréf Félags löggiltra endurskoðanda

Nr. 2 / 2025



Kæru félagsmenn,

Í þessu 2. fréttabréfi ársins kennir ýmissa grasa. Við fjöllum um samstarf okkar við háskólana, lögfræðiálit vegna áritunar ríkisendurskoðanda, skil á framtölum og ársreikningum og fleira.

Við á skrifstofunni erum að skipuleggja nokkur Teams-námskeið sem verða auglýst fljótlega. Þá stefnum við að því að vera með einhvern viðburð fyrir félagsmenn á vormánuðum en því miður þurfti að fella niður fyrirhugaða afmælisferð til Tarragona í haust vegna dræmrar skráningar.

Endurmenntunareiningum fyrir endurskoðendur var skilað til endurskoðendaráðs í byrjun febrúar. Langflestir þeirra félagsmanna sem voru að ljúka þriggja ára endurmenntunartímabili uppfylltu [kröfur um lágmarksfjölda endurmenntunareininga](#) á tímabilinu. Við hvetjum félagsmenn til að fylgjast reglulega með stöðu eininga í [endurmenntunarbrunni](#) FLE svo þeir geti brugðist tímanlega við ef þarf. Leiðbeiningar FLE um skráningu endurmenntunareininga er að finna [hér](#).

Bestu kveðjur,

Unnar og Sirrý

Lögfræðiálit vegna áritunar ríkisendurskoðanda

Eins og áður hefur komið fram afluði FLE sér ítarlegs lögfræðiálits um lögmæti þeirrar ákvörðunar ársreikningarskrár að skrá samstæðureikning Isavia ohf. með lögformlegum hætti án þess að hann sé áritaður um endurskoðun af löggiltum endurskoðanda. Félagið fór í framhaldinu þess á leit við ársreikningaskrá ríkisskattstjóra að hún endurupptaki ákvörðun sína um skráningu samstæðureiknings Isavia ohf. og dótturfélaga vegna reikningsársins 2023 og breyti ákvörðun sinni á þann veg að hafnað verði að skrá samstæðureikninginn í ársreikningaskrá. Félagið bíður svara frá ársreikningaskrá en verði ekki orðið við tilmælum þess áskilur félagið sér rétt til þess að leita annarra leiða til þess að knýja fram löglega málsmeðferð af hálfu ársreikningaskrá, þ.m.t. að leggja fram stjórnslukæru til Menningar- og viðskiptaráðuneytisins með kröfu um að ákvörðun ársreikningarskrár um skráningu samstæðureikningsins verði hrundið. Nánar má lesa um málið í [frétt](#) á heimasíðu okkar. Lögfræðiálitið má nálgast [hér](#). Viðskiptablaðið og mbl fjölluðu um málið í kjölfar lögfræðiálits FLE. Frétt Viðskiptablaðsins er [hér](#) og mbl [hér](#).

Heimsóknir í háskóla

Félagið heldur áfram að leggja sitt að mörkum til að stuðla að nýliðun í stéttinni og fá fólk til að leggja fyrir sig nám í reikningsskilum og endurskoðun. Um miðjan þennan mánuð fengum við gott fólk til liðs við okkur til að standa vaktina þegar FLE tók í fyrsta sinn þátt í [framadögum](#) sem haldnir voru í Háskólanum í Rvík. Í síðustu viku fórum við á skrifstofunni svo í heimsóknir í bæði Háskóla Íslands og Háskólann í Rvík. til að ræða hvernig við getum orðið skólunum að liði við að fjölga nemendum sem velja meistaranám í reikningsskilum og endurskoðun en þeim hefur farið fækkandi undanfarin ár. Til að styðja við þetta mikilvæga mál hvetjum við félagsmenn til að deila auglýsingum og efni frá háskólunum þegar þeir kynna námið en það verður gert fljótlega. Hér er dæmi um [auglýsingu](#) frá því í fyrra.

Sjálfbærnimál

Nú er ljóst að frumvarp um nýja sjálfbærnilskipun verður ekki lagt fram á vorþingi. Stefnt er að því að gera það á haustþingi. Sjá nánar [hér](#).

Samkeppnishæfni Evrópu, regluverk og sjálfbærnireikningsskil

Á heimasíðunni er að finna nýlega frétt um [skýrslu](#) sem framkvæmdastjórn Evrópusambandsins gaf út fyrir nokkrum vikum. Skýrslan ber heitið *A Competitiveness Compass for the EU* sem mætti þýða sem *samkeppnishæfni fyrir ESB*. Í skýrslunni er að finna ítarlega umfjöllun um þær áskoranir sem Evrópa stendur frammi fyrir þegar kemur að samkeppnishæfni auk tillagna til úrbóta. Í skýrslunni er vísað mikið til [skýrslu Mario Draghi](#) um samkeppnishæfni Evrópu sem kom út síðastliðið haust en Draghi er fyrrverandi forseti Seðlabanka Evrópu.

Skil á framtölum og ársreikningum

Á grundvelli samstarfs við Félag löggiltra endurskoðenda og Félag bókhaldsstofa hefur ríkisskattstjóri ákveðið að fagaðilar, þ.m.t. endurskoðendur og bókarar, fái heimildir til rýmri framtalsskila en almennt gildir. Um fresti vegna framtalsskila, tímafresti við skil á ársreikningum og fleira má lesa í bréfi ríkisskattstjóra sem nálgast má [hér](#).

Við minnum svo á innsendingu [skilalista](#) en síðasti dagur til að skila lista er föstudagurinn 4. apríl. Sú breyting var gerð á skilalistum í fyrra að nú þarf ekki að tilgreina fyrir hvaða tilteknu lögaðila ætlunin er að skila framtali í hverjum mánuði heldur þarf í skilalistanum eingöngu að veita upplýsingar um þá lögaðila sem eru í viðskiptum við viðkomandi og skilað verður fyrir.

Áhersluatriði ársreikningaskrár í eftirliti

Eins og áður hefur komið fram þá birti ársreikningaskrá í nóvember áhersluatriði í eftirliti vegna ársreikninga 2024. Sjá nánari umfjöllun í [frétt](#) á heimasíðunni. Áhersluatriði ársreikningaskrár er að finna [hér](#).

Upplýsingar í skýrslu stjórnar

Eitt af [áhersluatriðum](#) ársreikningaskrár snýr að skýrslu stjórnar og hvort upplýsingagjöf sé fullnægjandi. Því er ekki úr vegi að minna á leiðbeiningar sem [reikningsskilaráð](#) gaf út fyrir þremur árum:

[2022 - Upplýsingar í skýrslu stjórnar og framsetning þeirra](#)

[2022 – Upplýsingar í skýrslu stjórnar lítilla félaga og framsetning þeirra](#)

Upplýsingar um leigusamninga

Annað af [áhersluatriðum](#) ársreikningaskrár varðar upplýsingar (eða öllu heldur skort á upplýsingum) um leigusamninga í skýringarluta ársreikninga hjá félögum sem kjósa að beita reglu [reikningsskilaráðs \(RR6\)](#) um reikningshaldslega meðferð leigusamninga í reikningsskilum leigutaka. Þess má geta að fyrir nokkrum árum var einmitt lagt fyrir verkefni á [löggingarprófi](#) (verkefni 5) þar sem prófmenn áttu að setja upp skýringu í samræmi við RR6. Lausn frá prófgerðarmanni má finna [hér](#) og kann hún að nýtast vel sem fyrirmynd að slíkrí skýringu.

Fyrirmynd að staðfestingu vegna skýrslu stjórnar

Neðst í fyrirmynd FLE að [endurskoðunaráritun](#) er málsgrein sem byggir á greinum 42-44 í [ISA 700 \(Revised\)](#) þar sem endurskoðandinn veitir staðfestingu á upplýsingum í skýrslu stjórnar í samræmi við 2. mgr. 104 gr. [laga um ársreikninga](#) nr. 3/2016.

Stórafmæli

Alls eiga 43 félagsmenn stórafmæli á þessu ári. Þrír félagsmenn fagna þrítugsafmæli, fjórir eru fertugir á árinu, tólf félagsmenn fimmtugir, fimm sextugir, sjö sjötugir, tveir 75 ára, átta 80 ára og tveir 85 ára. Við óskum þeim að sjálfsögðu til hamingju með afmælið. Lista yfir afmælisbörnin má finna [hér](#).

Könnun fyrir BS ritgerð

Öðru hvoru berast okkur beiðnir frá háskólanemum um að senda kannanir á félagsmenn vegna BS ritgerða sem varða reikningsskil eða endurskoðun. Nýlega fengum við slíka beiðni. Slóð á hana má finna [hér](#). Könnunin er nafnlaus og er ekki hægt að rekja svör til þátttakenda.

Tiltektar- og viðhaldsdagur í Reykjadal

Í Reykjadal í Mosfellsdal eru reknar sumarþúðir fyrir fötluð börn og ungmenni. Við ætlum að endurtaka leikinn frá því í fyrra og taka að okkur að gera allt klárt fyrir opnun sumarþúðanna en

FLE fréttir, 26. febrúar 2025

Bls. 4

starfsemin þar hefst 26. maí. Tiltektar- og viðhaldsdagurinn verður haldinn 15. maí. Á síðasta ári tóku tæplega 30 endurskoðendur og aðrir starfsmenn endurskoðunarstofa þátt en við stefnum að því að ná enn fleiri til liðs við okkur núna. Boðið verður upp á morgunkaffi og hádegismat en félagið verður með matarvagn á staðnum. [Hér](#) má nálgast nánari upplýsingar og skráningarform. Hægt er að skrá sig hluta úr degi.

[Viðburðir fram undan](#)

[Tiltektar- og viðhaldsdagur í Reykjadal](#) – 15. maí
[Skráning](#)

Félagið er svo að vinna að skipulagningu fleiri viðburða svo sem Teams námskeiða sem verða auglýstir fljótlega.

[Greinar á heimasíðu](#)

Við hvetjum sem fyrr félagsmenn til að skrifa greinar sem við getum birt á heimasíðu FLE og deilt á samfélagsmiðlum. Nýjustu greinar á á heimasíðu:

[20 ára afmæli – Félag kvenna í endurskoðun \(FKE\)](#)

[Birgðatalningar og endurskoðun](#)

[Endurskoðun sjálfbærniupplýsinga](#)

[Nýlegir viðburðir og glærur](#)

[Skattadagur](#) – 17. janúar 2025. [Glærur](#) af skattadegi.

[Jólaball FLE](#) – 14. desember 2024.

[Haustráðstefna FLE](#) – 8. nóvember 2024. [Glærur](#) af haustráðstefnu.

[Aðalfundur FLE](#) – 8. nóvember 2024:

[Glærur frá aðalfundi og önnur fundargögn](#)

[Ársskýrsla](#)

[Uppfærðar samþykktir FLE](#)

Glærur af Teams-námskeiðum:

[Erfðafjármál](#) – 17. okt. 2024

[Eftirlit og áherslur ársreikningaskrár](#) – 14. nóv. 2024

[Fjarvinna milli landa](#) – 3. des. 2024

[Lánshæfismat fyrirtækja](#) – 19. des. 2024

Nýlegar fréttir á heimasíðu

[Framadagar í HR](#)

[Skil atvinnumanna á skattframtölum viðskiptamanna 2025](#)

[Lögræðiálit vegna áritunar ríkisendurskoðanda](#)

[Samkeppnishæfni Evrópu, regluverk og sjálfbærniþrekingsskil](#)

[Frumvarp vegna sjálfbærniþrekingar verður ekki lagt fram á vörþingi](#)

[Útvarpsviðtal í Samfélaginu á RÚV](#)

[Valdimar hlýtur rannsóknarverðlaun Háskólans í Reykjavík](#)

[Nýir löggiltir endurskoðendur 2024](#)

[Ráðstefna framkvæmdastjórnar ESB um ESRS sjálfbærniþrekinga](#)

[Áhersluatriði í eftirliti ársreikningaskrár vegna reikningsársins sem lýkur 31. desember 2024](#)

[Kynning á áhersluatriðum ársreikningaskrár og Verðbréfaeftirlits Evrópu](#)

[Eftirlit og áherslur ársreikningaskrár, námskeið hjá FLE](#)

[Unga fólkið og endurskoðun](#)

Eldri fréttabréf

Eldri fréttabréf FLE er að finna [hér](#).